

# Ársskýrsla framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu árið 2018

## Inngangur

*Um framkvæmdastjórn um vatnsvernd*

Hlutverk framkvæmdastjórnar um vatnsvernd er að tryggja upplýsingaflæði á milli heilbrigðisnefnda og samræma vinnubrögð við leyfisveitingar innan vatnsverndarsvæða. Jafnframt að tryggja samræmt eftirlit á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins og hafa umsjón með að viðbragðsáætlanir fyrir vatnsverndarsvæðið vegna mengunaróhappa séu gerðar. Framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu vinnur skv. samþykkt nr. 555/2015, um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar. Samþykktin er hluti af Svæðaskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Hvert heilbrigðiseftirlitssvæði sér um reglubundið eftirlit innan sinnar lögsögu.

Stjórnina skipa Árný Sigurðardóttir framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER), Guðmundur H. Einarsson framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis (HHK) og Þorsteinn Narfason framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis (HKJ). Þorsteinn tók við formennsku í stjórninni í ársbyrjun 2017. Guðmundur lét af störfum í lok árs sem framkvæmdastjóri og var Hörður Þorsteinsson ráðinn í hans stað. Hörður mun taka við formannsembættinu í ársbyrjun 2019.

Framkvæmdastjórnin kemur fram sem fulltrúi heilbrigðisnefnda eftir því sem við á vegna vatnsverndar og vatnsnýtingar yfir lögsögumörk. Nefndin fjallar um ýmis konar áform er varða skipulag, framkvæmdir og landnýtingu. Fundagerðir framkvæmdastjórnarinnar eru teknar til umræðu og afgreiðslu á fundum heilbrigðisnefnda.

Framkvæmdastjórnin gerir umsagnir um allar framkvæmdir og fyrirhugaða starfsemi innan vatnsverndarsvæðis. Það hefur borið við að með gögnum framkvæmdaaðila vegna framkvæmda í Mosfellsbæ fylgi uppdráttur úr aðalskipulagi Mosfellsbæjar sem sýnir eldra kort af vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins. Nauðsynlegt er að kynna framkvæmdir með vísun í gildandi uppdrátt af vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins frá 2015.

## *Samráðshópur SSH*

Formaður sat í samráðshópi um vatnsvernd og nýtingu á vegum Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu ásamt fulltrúum veitna og sveitarfélaganna. Haldnir voru nokkrir fundir á árinu þar sem fjallað var um rekstur og viðhald vatnsverndar.

Við gildistöku vatnsverndar árið 2015 var samþykkt að fresta gildistöku vatnsverndar í Mosfellsdal í þrjú ár. Á fundi samráðshópsins var að beiðni Mosfellsbæjar um að framlengja frestun gildistöku vatnsverndar í Mosfellsdal um tvö ár til viðbótar samþykkt.

## *Heildstætt áhættumat*

Framkvæmdastjórnin telur mikilvægt að heildstætt áhættumat verði unnið fyrir vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins. Í því sambandi þarf að kortleggja þær framkvæmdir og starfsemi sem fyrir er á svæðinu auk þeirrar sem eru fyrirhuguð. Í þessu sambandi leggur

framkvæmdastjórnin einnig áherslu á að metið verði umfang og áhrif umferðar innan vatnsverndarsvæðisins sem ætla má að sé ein mesta ógn við vatnsvernd svæðisins. Til að fá gleggri mynd af grunnvatnsgeyminum s.s. grunnvatnsstraumum þarf að bæta við fleiri rannsóknarborholum þar sem þekkingu skortir.

### *Um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins*

Vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins þekur um 247 km<sup>2</sup>. Svæðinu er skipt í fjóra verndarflokka: Brunnsvæði (3,5% á þekju), grannsvæði (39%), fjarsvæði (49%) og öryggissvæði (8,5%). Brunnsvæðin eru afgirt og lokuð fyrir óviðkomandi umferð, grannsvæðin eru ógirt og umferð aðallega vegna útivistar. Svæðið er skiltað við útmörk þess og er eftirlit eftir þörfum. Grunnvatn og neysluvatn sem kemur frá vatnsverndarsvæðinu er í hæsta gæðaflokki og mikilvægt er að þessi auðlind verði nýtanleg um ókomna tíð. Jarðfræði svæðisins einkennist af lekum jarðlögum og eru víða sprungur þar sem er opið ofan í grunnvatnið. Ef tekið er mið af útreikningum sem lagt hefur verið fram við áhættumat framkvæmda Lyklafellslína 1 má í einfaldaðri mynd má segja að ef meira en 20 lítrar af olíu bærust niður í grunnvatn á grannsvæði þá væri veruleg hætta á að vatnsból myndi spillast jafnvel til lengri tíma.

Heilbrigðiseftirlitin á höfuðborgarsvæðinu hafa í gegnum árin farið þess á leit við almenning að aka ekki um vatnsverndarsvæðið í Heiðmörk í erfiðum vetrarskilyrðum. Heilbrigðiseftirlitin hafa samráð um lokanir þegar aðstæður krefjast.

## Fundur haldnir árið 2018

Haldnir voru sjö fundir á árinu þar af tveir rafrænir fundir. Fundargerðir ársins er hægt að nálgast á [vefslóð Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur\\*](#) og [vefslóð Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis.\\*\\*](#) Fundargerðir framkvæmdarstjórnarinnar eru teknar til umræðu og afgreiðslu á fundum heilbrigðisnefnda höfuðborgarsvæðisins. Hér á eftir verður farið yfir helstu mál sem komu fyrir framkvæmdastjórn á árinu 2018.

\*Vefslóð Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur: <http://reykjavik.is/thjonusta/vatnsvernd>

\*\* Vefslóð Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis: <https://www.eftirlit.is/index.php?pid=196>

## Starfsleyfi Landsnets fyrir Lyklafellslínu 1

Í upphafi árs var tekin fyrir starfsleyfisumsókn Landsnets vegna framlengingar á starfsleyfi fyrir Lyklafellslínu 1 þar sem óskað er eftir endurútgáfu á starfsleyfi fyrir byggingu línunnar en leyfi fyrir framkvæmdinni rann út í október 2017. Fram kom að engar breytingar hafi orðið á fyrirhugaðri framkvæmd frá því starfsleyfi var gefið út. Með byggingu Lyklafellslínu var jafnframt gert ráð fyrir að Hamraneslínan yrði rifin í kjölfarið. Báðar þessar framkvæmdir voru áður samþykktar í svæðis- og aðalskipulagi, þ.e. bygging Lyklafellslínu og niðurrif Hamraneslínu.

Benti framkvæmdastjórnin á að ákvæði núgildandi samþykktar um vatnsverndarsvæðið tækju aðeins á framkvæmdum sem hafa ekki verið samþykktar í skipulagi.

Með hliðsjón af framlögðu áhættumati Landsnets, rýningu sérfræðina á því og framlögðum áætlunum um mótvægisáðgerðir lagðist framkvæmdastjórn ekki gegn endurútgáfu starfsleyfis.

Ekkert varð úr þessum áformum á árinu. Landsnet upplýsti að byggingu Lyklafellslínu yrði slegið á frest og yrði framkvæmdin inni í heildar umhverfismati vegna Suðvesturlínu frá Sandskeiði og út á Reykjanes.

## Lagning háspennulínu og ljósleiðarastrengs í Bláfjöllum

Málið kom á borð framkvæmdastjórnarinnar í byrjun árs og var þá farið fram á að kynningarfundur yrði haldinn um málið. Kynningarfundur var haldinn skömmu síðar í kjölfarið var leyfi gefið út af heilbrigðiseftirlitinu fyrir framkvæmdinni.

## Aukin vinnsla Veitna í Vatnsendakrikum.

Framkvæmdastjórninni var kynnt skýrsla Mannvits Vatnsvinnsla í Vatnsendakrikum drög að tillögu að matsáætlun dags. febrúar 2018. Framhald þessa máls var að aukin vatnstaka fór í umhverfismat. Tillaga að matsáætlun var auglýst í maí og samþykkt af Skipulagsstofnun í júní. Frummatsskýrslan var síðan í auglýsingu í nóvember og desember en niðurstaða Skipulagsstofnunar lá ekki fyrir í árslok. Nýtingarleyfi Orkustofnunar til vatnstöku er frá árinu 2015 og liggur fyrir að stofnunin áskilji sér rétt að taka upp og breyta leyfisskilyrðum verði ástæða til þess að umhverfismati loknu.

## Uppbygging aðstöðu við Þríhnúkagíg og Bláfjöll

Fjallað var um málið í byrjun árs. Framkvæmdastjórnin hefur lagt áherslu á að tryggja þurfi umferðaröryggi og mengunarvarnir á akvegum og svæðinu áður en að frekari uppbygging er fyrirhuguð. Eftirfarandi skýrslur voru kynntar við meðferð málsins.

- Skýrsla Mannvits Uppbygging aðstöðu við Þríhnúkagíg og Bláfjöll – Áhættumat gagnvart vatnsvernd dags. desember 2017.
- Greinargerð starfshóps Kópavogsbæjar Áhættumat vegna starfsemi á skíðasvæði í Bláfjöllum og fyrirhugaðar starfsemi við Þríhnúkagíg gagnvart vatnsvernd og grunnvatnsmálum dags. febrúar 2018.

## Bláfjöll – Skíðasvæði í Kópavogi, deiliskipulagstillaga.

Um er að ræða breytt deiliskipulag skíðasvæðisins í Bláfjöllum og var breytingin auglýst í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 7. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Breytingin nær til alls skíðasvæðisins og gerir grein fyrir þáttum eins og snjóframleiðslu, endurnýjun lyfta á svæðinu svo og breyttum staðsetningum á lyftum, nýjum skálum og þjónustuhúsum. Einnig er gert ráð fyrir landmótun vegna skíðagönguhrings.

Eftirfarandi gögn voru lögð fram til viðbótar þeim sem upp voru talin í kaflanum á undan.

- Bláfjöll – Skíðasvæði í Kópavogi, deiliskipulag – tillaga, unnin af Landslagi ehf.
- Skipulagsuppráttar. Breytt deiliskipulag og gildandi deiliskipulag frá 03.02.2005.
- Greinargerð, umhverfisskýrsla og skilmálar (útgáfa 0.1) uppfært 13. 4 2018.

Í bókun framkvæmdastjórnarinnar um málið kom m.a. fram að vinna þyrfti deiliskipulagstillöguna betur m.t.t. vatnsverndar í samræmi við samþykkt nr. 555/2015, framkvæma þyrfti frekari rannsóknir á svæðinu ásamt því að meta heildstætt áhrif allra fyrirhugaðra framkvæmda er varðar uppbyggingu skíðasvæðisins.

## Bláfjöll – Skíðasvæði í Kópavogi, mat á umhverfisáhrifum.

Í svari framkvæmdastjórnarinnar til Skipulagsstofnunar um málið benti framkvæmdastjórnin á að þörf væri á mati á umhverfisáhrifum vegna staðsetningar svæðisins inni á viðkvæmu fjarsvæði vatnsverndar höfuðborgarsvæðisins og þeirrar hættu sem skapast getur ef mengunaróhöpp verða hvort sem um er að ræða vegna umferðar inn á svæðið eða við framkvæmdir. Í viðauka 2 í reglugerð nr. 660/2015 m.s.br.um mat á umhverfisáhrifum eru talin upp skilyrði sem taka þarf mið af við mat á hvort áformuð framkvæmd eigi að lúta matsskyldu.

Þar kemur m.a. að svæði sem skulu fara í mat á umhverfisáhrifum, séu svæði sem í samræmi við reglugerð um varnir gegn mengun vatns og reglugerðar um neysluvatns, eiga ótvírætt að njóta verndar sbr. staðsetningu skíðasvæðisins. Óskaði Skipulagsstofnun jafnframt að fjallað yrði um eðli framkvæmda og þátta sem skuli einkum taka tillit til við ákvörðun um matsskyldu. Framkvæmdastjórnin telur að flestir þeirra þátta sem þar eru taldir upp megi fella undir boðuð áform. nefna megi nýtingu náttúruauðlinda en þá með hliðsjón af annarri nýtingu sem fyrir er, þ.e. vatnssöfnun og síðan mengun og slysaþættu (mengunaróhöpp) sem gæti fylgt boðaðri framkvæmd.

Framkvæmdastjórn taldi nauðsynlegt að boðaðar framkvæmdir á skíðasvæðinu færu í mat á umhverfisáhrifum.

### Lýsing, verkáætlun skipulagsáætlunar – frístundasvæði suðurhluta Mosfellsbæjar

Framkvæmdastjórnin gerði umsögn um erindið í byrjun árs og benti á að þar sem áhættumat lá ekki fyrir vegna framkvæmda var ekki unnt að taka afstöðu til þeirra. Erindið bast ekki aftur inn á borð framkvæmdastjórnarinnar á árinu.

### Nýr vélsleði í Heiðmörk

Skíðagöngufélagið Ullar óskaði umsagnar um nýjan vélsleða til notkunar í Heiðmörk. sem til stóð að taka í notkun til að leggja skíðabrautir fyrir skíðagöngumenn.

Framkvæmdastjórn um vatnsvernd benti í umsögn sinni á að Heiðmörk er að stærstum hluta á vatnsverndarsvæði höfuðborgarinnar. Framkvæmdastjórn gerði ekki athugasemdir við notkun á fyrirhuguðum sleða sem slíkum en vildi koma á framfæri áhyggjum af aukinni umferð skíðafólks á vélknúnum farartækja inn í Heiðmörk með tilheyrandi hættu á að olíumengun í vatnsból höfuðborgarbúa. Vegir í Heiðmörk eru í dag varasamir, viðhald skortir og þeir ekki búnir mengunarvörnum. Engin takmörkun er á umferð um svæðið.

### Lagning 11 kW. jarðstrengs að Gvendarbrunnum

Óskað var umsagnar framkvæmdastjórnarinnar hvort lagning 11 kW. jarðstrengs, 2,1 km frá Rauðvatni að Gvendarbrunnum skuli háð mati á umhverfisáhrifum og hvort gerð sé nægjanlega grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun.

Í umsögn framkvæmdastjórnarinnar var bent var á að framkvæmdin sé háð tímabundnu starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur vegna framkvæmda innan vatnsverndarsvæðis og verði framkvæmdinni sett sértæk sértæk skilyrði í stafsleyfi m.t.t. vatnsverndar í samræmi við samþykkt nr.555/2015 um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu. Framkvæmdastjórnin taldi framkvæmdina ekki háða mati á umhverfisáhrifum, miðað við fyrirbyggjandi gögn en benti á að í samræmi við grein 56. í samþykkt nr. 555/2015 um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins þurfa framkvæmdaaðilar að skila inn áhættumati sem nær bæði til framkvæmda og reksturs áður en sótt er um starfsleyfi fyrir starfseminni. Meta þurfi áhrif allra fyrirhugaðra framkvæmda er varðar uppbyggingu skíðasvæðisins heildstætt auk áhættunnar við lagfæringu á samgöngum og bílastæðum.

## Atvik/atburðir á vatnsverndarsvæðinu 2018.

Starfsmenn heilbrigðiseftirlits þurfa að bregðast við ýmsum atvikum sem upp koma á vatnsverndarsvæðum. Oftar en ekki er það í forni ráðgjafar og samvinnu við slökkvilið og lögreglu. Fæst þessara mála komu inn í fundargerð framkvæmdastjórnar en heilbrigðiseftirlitin höfðu um þau gott samstarf.

Nokkrir minniháttar brunar á öryggissvæði vatnsbóla (í sinu og rusli) voru á árinu en sá stærsti var í lok árs í gömlum yfirgefnum sumarhústað. Nokkur minni umferðaróhöpp urðu á verndarsvæðunum þar sem lítilsháttar af olíu fór af ökutækjum en sem náðist að hreinsa að mestu upp. Stærsta óhappið varð á Suðurlandsvegi 25. júlí þegar stór eldsneytistankur á vörubifreið rofnaði við árekstur. Kalla þurfti út aðgerðarlið til að hreinsa vettvang, heilbrigðiseftirlit stjórnaði hreinsunarstarfi og er talið að náðast hafi að hreinsa vettvang að mestu enda aðstæður allar með besta móti.

Tilkynning barst um utanvegaakstur við Fram skálann í Bláfjöllum. Atvikið tengdist framkvæmdum á skíðasvæðunum. Skíðasvæðið er í Bláfjallafólkvangi og þar sem ekki hlaust mengun af heldur voru þetta landspjöll var Umhverfisstofnun tilkynnt um atvikið.

Á árinu létu Veitur ohf. kanna örplast í neysluvatni. Þar sem ekki var um samræmda vísindalega aðferð verður að taka niðurstöðum með fyrirvara en rannsóknin benti til að örplast væri að finna í neysluvatni í litlu mæli. Engar hliðstæðar rannsóknir hafa verið gerðar á neysluvatni á Íslandi. Þörf er á að rannsaka málið betur þegar aðferðarfræði og viðmiðunarmörk liggja fyrir.

## Helstu lög, reglugerðir og samþykkt sem gilda um svæðið og kort

- [Lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011.](#)
- [Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s.b.](#)
- [Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.](#)
- [Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, ásamt síðari breytingum.](#)
- [Reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001 með síðari breytingum.](#)
- [Samþykkt nr. 555/2015 um um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar](#)
- [Kort af vatnsverndarsvæðinu](#) má nálgast á slóðinni: